

niðurjöfnun þessari að eins 8359 rdl. 20 sk., eður 1 rdl. 62 sk. of lítið; en líklegt er, að þessi skakki muni jafnast, þegar skildingabrot eru gjörð að heilum skildingum, þá er reikna skal gjaldið af hverri jörð fyrir sig; svo yrði og skakkinn meiri, eður 73 rdl. 63 sk. ofmikið, ef jafnað væri $9\frac{1}{3}$ sk. á hvert jarðarhundrað, og á hinn bóginn yrði það of erfitt, ef jafna skyldi gjaldinu á jarðarhundraðin þannig, að hafa við brot er væri milli $\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{3}$.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, og samkvæmt þeirri ákvörðun í tilskipuninni um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, að hún skuli fá gildi 6. júnímánaðar 1862, verður að bæta við, því sem með þarf, í 1. og 2. grein frumvarps þess, sem hér er um rætt, og þykir þar að auki ástæða til að gjöra orðabreyting í niðurlagi 2. greinar, til þess efni hennar verði ljósara.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til innanríkisstjórnarinnar um launaviðbót embættismanna á Íslandi, m. m. 4. aprílm.

Í bréfi 23. f. m. hefir innanríkisstjórnin lýst því yfir um reikning þann, er henni var hëðan sendur um launaviðbót embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi og Færeyjum fyrir fjárhagsárið 186 $\frac{1}{2}$ eptir lögum 19. febrúarm. þ. á., að ekkert hafi þótt athugavert um það, hvornig launaviðbót embættismanna á Færeyjum hafi verið reiknuð, en þar á móti þyki innanríkisstjórninni vafasamt, hvort lög þessi verði heimfærð til embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi, er fá laun sín úr ríkissjóðnum.

Í þessu efni skal þess getið, að eins og hin fyrri lög um launaviðbót ætíð hafa verið heimfærð til embættismanna á Íslandi, þannig hefir og dómsmálastjórnin gjört ráð fyrir því, að einnig ætti að heimfæra til embættismanna þessara hinar almennu ákvarðanir í lögunum 19. febrúarm. um greiðslu embættislauna, með því öldungis sömu ástæður eru til þess, og

1861. lögin eptir efni sínu ná til þeirra (sjá einkum fyrrsögn laganna
4. aprílm. og 1. grein), og þar sem það hefir verið tekið fram til að brekja þetta, að á fjárhagsári því, er síðast leið, hafi komið út sérstakleg lög um það, hvernig greiða skyldi laun íslenzkra embættismanna, þá stóð svo á því, að þegar þau lög voru rædd, var það ekki orðið víst, hvort ríkisþingið mundi fallast á almenn launalög fyrir embættismenn í konungsríkinu, og ef það yrði ekki, hvort þá mundi verða samþykkt almenn lög um greiðslu embættislauna, en eins og kunnugt er varð þessu eigi framgengt fyrri en á síðasta fundi ríkisþingsins í fyrra. Eptir að svona var komið voru í raun og veru orðin óþörf sérstakleg lög um það, hvernig greiða skuli laun embættismanna á Íslandi, en með því nú ríkisþingið á annað borð var búið að samþykkja þau, þótti réttast að þau fengi konunglega staðfesting.

Eigi virðist það heldur geta gjört neitt til í þessu efni, að það var í ráði, eins og innanríkisstjórnin vikur á, að leggja fyrir hið síðasta ríkisþing á ný sérstaklegt lagafrumvarp um laun embættismanna og sýslunarmanna á Íslandi; því eptir að síðar var búið að sleppa þessu, þá var öldungis eins ástatt með embættismenn þessa eins og aðra embættismenn, er njóta góðs af hinum almennu ákvörðunum í lögnum frá 19. febrúar þ. á., jafnvel þó laun þeirra eigi séu ákveðin í þeim lögum.

Þar sem innanríkisstjórnin þessu næst hefir látið í ljósi það álit sitt, að ef heimfæra skuli lögin frá 19. febrúarm. þ. á. til íslenzkra embættismanna, þá eigi ekki að eins að heimfæra til þeirra ákvarðanirnar í 1. grein laganna, heldur einnig allar ákvarðanir í 1. kafla þeirra, þá getur dómismálastjórnin fyrir sitt leyti ekki haft neitt á móti þessu. Enn fremur hefir hið heiðraða stjórnarráð í sambandi við þetta tekið fram, að það leiði af því, sem ákveðið er í 8. grein laganna (smbr. 4. gr.), að þeir tveir héraðslæknar á Íslandi, sem nú sem stendur gegna tveim embættum, verði að missa nokkurs í af launum sínum, samkvæmt því, sem þar er fyrir mælt. Um þetta atriði skal skýrskotað til þess, sem sagt er í bréfum hëðan, dagsettum 13. f. m. og í dag, viðvíkjandi nokkrum embættismönnum, sem eru settir til að gegna embættum í hinum konunglega landsyfirrétti,

hirðrætti og bæjarrætti Kaupmannahafnar, um það, hvort S. grein laganna eigi að heimfærast til þeirra, sem búið var að setja í embætti áður en lögini komu út; en hvað sér í lagi snertir lækna þá, er fyr voru nefndir, þá er það athugavert, að dómsmálastjórnin með samþykki innanríkisstjórnarinnar, er hún veitti í bréfum sínum 19. marzm. 1859 og 28. ágústm. 1860, hefir sett þá í embættin með þeim skilmálum, að þeir skyldu hafa full laun beggja embættanna, meðan þeir væru settir til að gegna þeim, og launaviðbót, er reiknuð skyldi af laununum samanlögðum; virðist því dómsmálastjórninni, að fyrir þann tíma, er líður þangað til þeir geta lýst því yfir, hvort þeir vilji takast á hendur að gegna embættunum með þeim kjörum, sem ákveðin eru í lögnum frá 19. febrúarm. 1861, eður ekki, þá eigi þeir heimting á að fá í uppbót svo mikið, er svari mismun þeirra launa, er þeim voru heitin, þá er þeir voru settir í embættin, og þeirra, er þeir fá eptir lögum þessum, og ætti að áleti dómsmálastjórnarinnar að stinga upp á þessari uppbót í frumvarpi til fjáralagala.

Dómsmálastjórnin óskar að fá vitneskju um, hvað innanríkisstjórnin afræður í þessu efni, ef unnt er svo bráðlega, að það verði tilkynnt hlutaðeigendum með póstskipinu, sem á að fara hédan 13. þ. m.

Með því 1. og 3. kafli laganna frá 19. febr. 1861, sem opt er vitnað til í bréfi því, sem hér er á undan, eru að mestu leyti almenns efnis, og ákvarðanirnar í 1. kafli eiga við um embættismenn á Íslandi, eptir áleti dómsmálastjórnarinnar, setjum vör þessa kafa úr lögnum, en sleppum 2. kafi þeirra, sem er sérstaklegs efnis og snertir Ísland að engu.

Lög

um laun þeirra embættismanna og sýslunarmanna, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að þeim undanskildum, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum:

1861.

Vèr Friðrik hinn sjöundi o. s. frv. gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á og Vèr með samþykki Voru staðfest þessi lög:

I.

Almennar ákvarðanir.

1. grein.

Af föstum tekjum í peningum (hvort sem það eru eiginleg embættislaun, sýslunarlaun og launaviðbót, sem veitt er einstökum manni, eða fast gjald í peningum í staðinn fyrir skilleyri), sem veittar eru embættismönnum og sýslunarmönnum þeim, er fá laun sín úr ríkissjóði eður sérstaklegum sjóðum, sem eru til greindir í fjárlögum, skal reikna til korns 60 ríkisdali af hverju hundraði af fyrstu fimm hundruðunum, 40 ríkisdali af hverju hundraði af næstu fimm hundruðunum, 20 ríkisdali af hverju hundraði af næstu fimm hundruðunum, og að síðustu 10 ríkisdali af hverju af þeim fimm hundruðum, er á eptir fara, á þann hátt, að 4 ríkisdalir séu taldir til jafns við eina korntunnu. Að eins þann hluta peningagjaldsins skal reikna til korns, er eptir þessu nemur heilum korntunnum, en það, sem fram yfir er, skal eigi með talið. Enn fremur skal nema svo af þeim hluta árslaunanna, sem eptir ákvörðun þessari skal talinn embættismönnum til ágóða, að hann sé heilir ríkisdalir, er eigi standi á stökum, en það, sem fram yfir er, falli burt; þar að auki mega engi laun við ákvörðun þessa verða hærri en 4000 rdl.

Það korn, er embættismenn eður sýslunarmenn eptir þessu eiga að fá, skal reiknað þeim í tekjur eptir meðalverði þeirra fjöggra korntegunda, er nú skal sagt: hveitis, rúgs, byggs og hafra, eptir verðlagsskrá þeirri, er gildir um kornuppskeru síðastliðins árs, þannig, að hveitið sé metið eptir verðlagsskránni í Lálands- og Falsturs-stípti, en rúg, bygg og hafrar eptir verðlagsskránni í Sjálands-stípti.

Það kornverð, sem eptir þessu á að reikna í tekjur embættismana, skal aldrei sett herra en 6 ríkisdalir, og aldrei lægra en 4 ríkisdalir á hverri tunnu. Það skal greitt þeim ásamt með öðrum launum þeirra, og á sama hátt og þau.

2. grein.

Nú hefir einhver á hendi fleiri en eitt embætti eður sýslanir, er laun hafa úr almennum sjóði, þá skal haft tillit til samanlagðra launa þeirra í peningum, er hann hefir í tekjur, hvort sem þau eru greidd af fê konungsríkisins eður úr sérstaklegum sjóðum, er til greindir eru í fjárlögnum, eður þau eru til greind í gjaldaáætlun alríkisins eður einhvers annars ríkisluta, og á að því leyti konungsríkið snertir að greiða korn það, er honum ber, eptir tiltölu af þeirri upphæð, er svarar til launanna samanlagðra.

3. grein.

Ákvarðanir þær, sem að ofan eru greindar, eiga ekki við:

1. Um þá embættismenn og sýslunarmenn, sem hafa aðal-laun sín af aukatekjum, afnotum jarða, gjöldum, er greidd eru í skileyri, eða öðrum þeim hlutum, er ætla má að hafi hækkað í verði eptir því, sem kringumstæðurnar hafa breytt, og eigi um þann hagnað, er embættismenn og sýslunarmenn hafa af slíkum hlynnindum.

2. Um það, sem er greitt í þóknunarskyni, eður af aðstoðarfê því, sem um er getið í 25. og 27. grein, eður af fê, sem nefnt er í lögum 12. janúarm. 1858, 5., 9., 15., 18., 21., 28. og 32. grein.

3. Um dómendur í ædsta dómstól ríkisins, lærifeður og kennara við Kaupmannahafnar háskóla, þá er ákveðið er að þar skuli vera, kennarana við fjöllistaskólann, og embættismenn og sýslunarmenn við skóla hinna blindu. Þeir sem eru í einhverri stöðu við hið konunglega leikhús, eður í hinni konunglegu kapellu, en ekki eiga rétt til eptirlauna, eiga að eins á þann hátt, sem stjórnarráðið nákvæmar tiltekur, heimting á þeirri launaviðbót, sem fæst með því, að nokkur hluti launanna, eptir því sem að ofan er ákveðið, sè reiknaður til korns.

4. grein.

Nú á einhver fleirum en einu embætti eður opinberri sýslan að gegna, þá skal hann missa svo mikils í af laununum saman

1861.

lögðum, sem svari helmingi þeirra allra, að undanskildum hinum hæstu, eða einhverjum af hinum hæstu laununum, ef fleiri eru jafnhá; þó má það, sem á þann hátt er áfregið, aldrei nema meiru en fjórðungi af samtölu allra launanna. Því sem af er dregið skal skipt á tekjur embættanna eður sýslananna eptir því, hvað tekjurnar eru miklar við hvert embætti eður sýslan, en verður eptir þessum lögum aðeins haldið aptur af þeim launum, sem greidd eru úr sjóði konungsríkisins, eður af þeim stofnunum, er tekjur og gjöld þeirra eru ákveðin í fjárhagslögnum. Að því leyti snertir þá menn, sem nú eru í embættunum, þá skal að eins dregið af þeirri launaviðbót í peningum, sem ákveðin er í þessum lögum.

Það er á skilið, að skipa megi fyrir um þetta efni nákvæmar í fjárlögnum á ári hverju, ef þess virðist vera þörf.

5. grein.

Nú hefir einhver meiri laun en heyrir embætti hans eptir lögum þessum, þá heldur hann því, sem framyfir er, sem launaviðbót, er honum sè veitt fyrir sjálfa sig. Launaviðbætur, er mönnum eru veittar fyrir sjálfa sig, hverfa eptir því, sem launin vaxa við það, er menn fá viðbót fyrir embættis þjónustu.

6. grein.

Þá er ákveða skal eptirlaun, skulu launaviðbætur þær, sem um er rætt í 1. og 2. grein, eigi með taldar.

7. grein.

Útreikningur þeirrar launaviðbótar, sem embættismenn og sýslunarmenn fá eptir 1. og 2. grein, og viðbótar þeirrar eptir kornverði, sem um er rætt í 25. og 27. grein, skal lagður fyrir þann ráðgjafa, er hefir á hendi fjárstjórn konungsríkisins, áður nokkru megi ávísa eptir lagagreinum þessum, og skal svo búið standa við ákvörðun þessa ráðgjafa, og má eigi skjóta henni undir úrskurð dómstólanna.

8. grein.

Sá embættismaður, er föst laun hefir úr almennum sjóði,

og settur er til að gegna öðru embætti, sem einnig fylgja fastar tekjur, um tímabil er ei nemi meiru en 6 vikum, fær enga sérstaklega borgun fyrir það, auk launa þeirra er hann hefir haft; en þurfi hann fyrir þá sök, að hann er settur til að gegna embættinu, að fara burt þaðan, sem hann átti fasta dvöl, á hann heimting á ferðakostnaði og fæðispeningum. Sè hann settur til að gegna embættinu um lengri tíma, þá fái hann í þóknun mismuninn milli hæsta launastigs í þeim flokki embættislauna, er hann heyrir undir, og lægsta launastigs í þeim flokki, sem það embætti er í, sem hann nú sem stendur er settur í.

Nú er einhver settur til að gegna embætti, og gegnir jafnframt því embætti, sem hann áður hefir verið skipaður í, þá skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 4. grein; þó ber að álíta sem þóknun þau laun, er hann eptir þessu fær fram- yfir þau embættislaun, er hann hefir áður haft. Sèu laun þau, sem lögð eru öðru hvorju af embættum þeim, sem um stundar- sakir eru þannig sameinuð, eður báðum, að nokkru eður öllu leyti óvissar tekjur, þá skal farið eptir því, hve miklar tekjurnar hafa verið 5 árin síðustu að meðaltali, er jafna skal saman tekj- um embættanna, og heimfæra til þeirra reglu þá, sem hér er fyrir skipuð.

II.

III.

29. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílm. 1861, að svo miklu leyti, sem ekki verður óumflýjanlegt að hafa lengri frest til að ráðstafa þeim breytingum, er af þeim leiða í ýmsum sérstakleg- um atriðum; þó má sá frestur með engu móti lengri vera en til 1. júlím. þ. á. Á lögum þessum skal gjörð almenn endur- skoðun áður en liðið sè fjárhagsárið 1865—66.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

1861.

Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 19. dag febrúarm. 1861.
Undir Vorri Konunglegu hendi og innsigli.

17. aprilm. 18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, um fjárverði vegna
fjárkláðans.

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, 20. febrúarm., er síðast leið, hafa þeir Kristján kammer-ráð Kristjánsson, sýslumaður í Húnavatnssýslu, Jósep hérads-læknir Skaptason og fl. farið þess á leit, að með því fjárkláðinn, á þann hátt að ísjárvert megi þykja, hafi á ný gjört vart við sig í Gullbringu og Kjósarsýslum og í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, þá skuli nú í vor og í sumar komanda settir fjárverðir á hentugum stað, til þess að varna samgöngum milli fjár úr suðurumdæminu við fê úr vesturumdæminu og norður-umdæminu, er alls enginn kláði sè í tveim þessum síðast nefndu umdæmum.

Um leið og þér senduð hingað bænarskrá þessa, mæltuð þér með því, að stjórnin annaðist málið, og bættuð að eins við það þeim athugasemdum, að reynsla undanfarinna ára hafi að fullu sannfært yður um, að aðskilnaður fjár og verðir sè, eptir því sem til hagar á Íslandi, eina ráðið til að varna útbreiðslu og viðgangi sýkinnar, en að þér hafið ekki sèð yður fært að taka bænarskrána til greina uppá yðar eigin ábyrgð, bæði vegna þess, að jafnaðarsjóður norður- og austurumdæmisins sè í töluverðri skuld við ríkissjóðinn, og svo þess vegna, að setja yrði að líkindum verðina fyrir utan ummerki þessa umdæmis, helzt á takmörkunum milli hinna sýktu og ósýktu sveita í Borgarfjarðar sýslu.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að þarèð menn ætla, eptir því sem segir í skýrslu stiptamtmanns, sem dagsett er 24. f. m., að sýkin sè hætt í suðurumdæminu, þykir dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til